

### 3. bekkur

**Námsgrein:** Leiklist

**Kennari:** Guðný Kristjánsdóttir

**Tímafjöldi:** 1 kennslustundir á viku allan veturinn

#### Menntagildi námsgreinar:

Allir geta eitthvað, enginn getur allt... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, mótun og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknunum og sýnt skólafélögum tillitssemi,</li><li>• staðið upp og tjáð sig frjálsglega bæði um almenn málefni og eigin skoðanir,</li><li>• notað búninga og leikmuni til að styðja við sköpun sína,</li><li>• sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi,</li></ul>	Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum og hópeflisæfingum. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun. Raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að vera áhorfandi. Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.	Leiðsagnarmat fer fram allt skólaárið. Hæfniviðmið metin í lok skólaárs og námsmatið birt í Mentor.

<ul style="list-style-type: none"><li>• farið eftir fyrirmælum kennara.</li></ul>	Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal.	
---	---	--